

Ár 2013, mánudaginn 16. september 2013 fundaði stjórn SSNV í síma, kl. 16:00.

Mætt til fundar: Bjarni Jónsson, Ágúst Þór Bragason, Leó Örn Þorleifsson, Hanna Þrúður Þórðardóttir, Þóra Sverrisdóttir og Katrín María Andrésdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ársþing SSNV undirbúningur
2. Vaxtarsamningur Norðurlands vestra
3. Almenningsamgöngur
4. Menningarsamningur Norðurlands vestra
5. Bréf og fundargerðir
6. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Ársþing SSNV undirbúningur

Sent hefur verið fundarboð til þingfulltrúa ásamt drög að dagskrá, lista yfir þingfulltrúa og kynningu á tilboði vegna gistingar.

Stjórn og framkvæmdastjóri vinna áfram að undirbúningi, drögum að ályktunum og fleiru.

Þar sem sú nýlunda er uppi að þessu sinni að ætla málefnum fatlaðra rýrmri tíma og efna til hópastarfs í þeim málaflokki hefur stjórn SSNV ákveðið að skipa starfshóp. Starfshópurinn hafi það hlutverk að undirbúa umræður um málefni fatlaðra á ársþingi SSNV og vinna að tillögum varðandi fyrirkomulag og fjármál sem lagðar verði fram til umfjöllunar á ársþinginu. Ákveðið að óska eftir því að sveitarfélög hverri sýslu sem aðild á að þjónustusvæði um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra skipi einn fulltrúa, samtals fjóra og jafnframt komi einn fulltrúi frá stjórn en Ágúst Þór Bragason mun sitja í hópnum sem fulltrúi stjórnar. Ágúst Þór kallar hópinn saman. Starfshópurinn fái aðstoð frá starfsmönnum SSNV eftir því sem hann óskar eftir.

2. Vaxtarsamningur Norðurlands vestra

Farið yfir stöðu varðandi Vaxtarsamning Norðurlands vestra. Þóru Sverrisdóttur, Ágústi Þór Bragason falið að vinna áfram að málinu ásamt framkvæmdastjóra í samræmi við þær umræður sem fram fóru á fundinum.

3. Almenningsamgöngur

Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir fundum sem þeir sóttu með fulltrúum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Fjórðungssambands Vestfirðinga og Eypings 10. september sl. Einnig var fundað með fulltrúum sömu aðila og Strætó bs. 16. september.

Unnið er að því að tryggja áfram almenningsamgöngur um svæðið með sambærilegum hætti og verið hefur, enda hefur verkefnið þótt heppnast vel. Einnig er unnið að því að fá leiðréttingar varðandi þær grunnforsendur sem verkefnið byggir á og skýra möguleg ágreiningsatriði og mismunandi túlkun samningsaðila í þeim efnunum.

4. Menningarsamningur Norðurlands vestra

Formaður og framkvæmdastjóri skýrðu frá fundi með menntamálaráðherra. Góðar vonir standa til þess að framhald verði á menningarsamningum við landshluta en ekki liggur endanlega fyrir hvernig útfærsla þeirra verður.

5. Bréf og fundargerðir

a) Bréf:

a.1 Lagur fram til kynningar tölvupóstur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga undirritaður af Magnúsi Karel Hannsessyni dags. 11. september 2013. Í tölvupóstinum er samantekt varðandi skjalamál sveitarfélaga og stofnanna þeirra.

a.2 Lagt fram kynningarbréf dags. 11. september 2013, undirritað af Sarah – Anne Munoz varðandi þátttöku í forverkefni á vettvangi NPP áætlunarinnar.

a.3 Lagður fram tölvupóstur frá Eyþing, undirritaður af Pétri Þór Jónssyni, dags. 14. september 2013, þar sem fulltrúum SSNV er boðið til aðalfundar Eyþings sem fram fer 27. – 28. september nk.

b) Fundargerðir lagðar fram til kynningar:

a.4 Eyþing, 243. stjórnarfundur, dags. 17. júlí 2013.

a.5 Eyþing, 244. stjórnarfundur, dags. 26. ágúst 2013.

6. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir undirbúningi að Degi atvinnulífsins og rétt var um framkvæmd hans og fyrirkomulag og hvatningarverðlaun SSNV.
- b) Sóknaráætlun Norðurlands vestra. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fundi sem fyrirhugaður er í innanríkisráðuneyti vegna málsins. Einnig var farið stuttlega yfir verkefni sem SSNV vinnur á vettvangi landshlutaáætlunarinnar og samstarf við kynningar- og markaðsfyrirtæki vegna þess.
- c) Starfsmannamál. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá tímabundinni afleysingu vegna fyrirhugaðs fæðingarorlofs atvinnuráðgjafa á Sauðárkróki.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 17:35.